



Ágæti félagsmaður,

Talan 30

30 er þekkt tala úr mannkynssögunni og er tengd illa þokkuðum sjóði af silfurpeningum. Í tilfelli SS er um mun jákvæðara samhengi að ræða því félagið ákvað að greiða á allt innlegg, allra afurðategunda, 30 króna viðbót á kg á innlegg ársins 2022.

Búið er að greiða á innlegg janúar – ágúst. Viðbótin á sauðfjárinnlegg haustsins verður greidd 25. nóvember næstkomandi og viðbót á stórgripainnlegg september – desember verður greidd 20. janúar. 30 króna viðbótin nemur samtals um 38 mkr. á nautgripainnlegg, 13 mkr. á svínainnlegg, 13 mkr. á hrossainnlegg og 52 mkr. á sauðfjárinnlegg eða alls um 116 mkr. sem greiddar verða til félagsmanna vegna innleggs á þessu ári.

Stefna SS er skýr og er að greiða innleggjendum samkeppnishæft verð fyrir afurðir og greiða auk þess til þeirra hluta af hagnaði, er vel gengur, sem viðbót á afurðaverð. Með þessum hætti var 5% viðbót greidd til innleggjenda á allt innlegg síðasta árs. Það verður metið er nær dregur árslokum hvort forsendur verða til að greiða viðbót auk þeirra 30 króna, sem áður voru nefndar, á innlegg þessa árs.

Sauðfjársláturtíð

Þetta fréttabréf er öðru fremur helgað nýliðinni sauðfjársláturtíð.

Sláturtíðin gekk mjög vel og góður gangur var á sláturlínu. Verkun var með allra besta móti sem staðfest var með mjög litlum fellingum, mjög góðum gerlaniðurstöðum og góðum niðurstöðum úr sýrustigsmælingum degi eftir slátrun.

Samhentum góðum mannskap í afurðastöð okkar á Selfossi ber að þakka fyrir frábæra frammistöðu.

Það sem helst vann gegn okkur var að samdráttur í slátrun var meiri en reiknað var með og hefði því verið hægt að komast af með færri sláturdaga og lækka kostnað. En þetta var erfitt að vita fyrirfram. Á vordögum ár hvert er gengið frá ráðningu erlends starfsfólks og lengd sláturtíðar í raun fest þá.

Hvert stefnir kindakjötsframleiðslan ?

Á liðnum árum hefur verulega dregið úr sauðfjarrækt og heildarslátrun minnkað um nálægt 100 þús fjár. Ástæður eru eflaust margar en slök afkoma sauðfjárnænda vegur þungt.

Í eftirfarandi töflu má sjá slátrun landsins síðan 2012 og hlutfall fullorðins fjár í heildarslátrun. Það virðist mega draga þá ályktun að ef slátrun fullorðins fjár er meiri en 9% af heildarslátrun þá er samdráttur árið á eftir. Ef þetta er rétt þá er framundan enn meiri samdráttur.

Það getur breytt niðurstöðunni ef hækkun á verði í haust leiddi til aukins ásetnings sem dró þá úr slátrun gimbra og jók hlutfall fullorðins í slátrun þetta haustið. Er tölur um fjölda vetrarfóðraðra kinda liggja fyrir fljótlega sést þetta.



Ár	Landið Dilkar	Landið Fullorðið	Samtals	Hlutfall fullorðið
2012	537,327	45,991	583,318	7.9%
2013	541,880	48,771	590,651	8.3%
2014	547,310	46,415	593,725	7.8%
2015	544,708	55,401	600,109	9.2%
2016	555,617	42,356	597,973	7.1%
2017	560,563	55,199	615,762	9.0%
2018	542,113	58,395	600,508	9.7%
2019	507,165	56,275	563,440	10.0%
2020	485,701	50,948	536,649	9.5%
2021	465,324	50,586	515,910	9.8%
2022	445,511	50,642	496,153	10.2%

Fróðlegt er að bera saman tölur SS við landið í heild og sést hér fyrir árin 2018-2022:

Ár	Landið Dilkar	Landið Fullorðið	Samtals	Hlutfall fullorðið	SS Dilkar	SS Fullorðið	Samtals	Hlutfall fullorðið
2018	542,113	58,395	600,508	9.7%	97,575	12,240	109,815	11.1%
2019	507,165	56,275	563,440	10.0%	99,457	11,246	110,703	10.2%
2020	485,701	50,948	536,649	9.5%	97,407	10,391	107,798	9.6%
2021	465,324	50,586	515,910	9.8%	94,906	11,589	106,495	10.9%
2022	445,511	50,642	496,153	10.2%	89,019	10,705	99,724	10.7%

Sjá má að öll árin þá er hlutfall fullorðins í slátrun hærra hjá SS en meðaltal landsins sem bendir þá til þess að samdráttur í sauðfjárrækt sé meiri á innleggssvæði SS en á landinu í heild.

Þetta er að sjálfsgöðu áhyggjuefni og verðugt verkefni að leita leiða til að auka innlegg til SS næsta haust.

Kjötmat og sjónmat á fitu ?

Það er sígilt umræðuefni að ræða kjötmat og kemur fyrir að innleggjendur telja á sig hallað vegna þess að kjötmat sé „betra“ annars staðar en hjá viðkomandi afurðastöð.

Kjötmat á að vera hlutlaus mælikvarði á gæði þeirra vöru sem bændur afhenda. Matið heyrir undir MAST og SS eða öðrum er óheimilt að hafa nokkur afskipti af framkvæmd kjötmats annað en að aðstoða og eftir atvikum óska eftir eftirliti Yfirkjötmats til að tryggja samræmt kjötmat. Fimm ára yfirlit sést fyrir neðan:

Ár	Landið Mþyngd	Landið Gerð	Landið Fita	SS Mþyngd	SS Gerð	SS Fita
2018	16.6	9.0	6.4	16.3	8.9	6.2
2019	16.5	9.0	6.3	16.6	8.9	6.3
2020	16.9	9.3	6.5	16.5	8.9	6.4
2021	17.4	9.4	6.6	17.3	9.2	6.6
2022	16.6	9.3	6.3	16.7	9.2	6.4

Ef á að túlka þennan samanburð má segja að árið 2020 sjáist frávik í því að gerð er nokkuð lakari hjá SS en meðaltal landsins en trúverðug skýring er sú að fallþyngd lækkaði þetta ár hjá SS en jókst yfir landið í heild. Fyrir utan þetta eina ár er nokkuð gott samræmi í því að gerð er um 0,1 lægri hjá SS en landsmeðaltal. Það getur átt sér eðlilegar skýringar í því að mörg sauðfjárnú á innleggssvæði SS eru lítil þ.e. sauðfjárrækt er ekki aðal afurð viðkomandi bús.

Gerð er metin með sjónmati enda ekki aðrir raunhæfir valkostir í boði. Fita hefur byggst á þykktarmælingu á fitu sem er ekki hafið yfir gagnrýni. Millimetramæling á fitu tekur ekki tillit til þyngdar skrokka og getur því gefið villandi niðurstöðu. Fituflokkur 2 á 14 kg skrokk getur verið hæfilegur en alls ekki ef skrokkurinn er 19 kg. Þá er 2 í fitu of lítið. Það er skoðun undirritaðs að sjónmeta ætti fitu eins og gerð og gæfi réttari mælikvarða á gæði skrokka en núverandi fitumæling. Það er nauðsynlegt að ræða kosti og galla þess að breyta um aðferð við fitumat.

Verðmæti matsflokka dilkakjöts

Hvaða munur á að vera á verði á milli matsflokka þannig að sanngirni sé gætt og verðlagning stuðli að hagræðingu og framleiðslu þeirrar vöru sem markaðurinn kallar eftir ?



Í slátturtíð 2021 voru verðhlutföll eftirfarandi:

Flokkur	Verð hlutfall af R2					
	1	2	3	3+	4	5
E	95%	108%	107%	99%	83%	70%
U	92%	104%	103%	96%	80%	68%
R	88%	100%	98%	87%	72%	60%
O	70%	80%	77%	60%		
P	44%	50%				

Eftir allnokkrar verðbreytingar fyrir haustið í haust urðu verðhlutföll 2022 eftirfarandi:

Flokkur	Verðhlutfall diilkajöts af R2					
	1	2	3	3+	4	5
E	102%	115%	121%	112%	100%	87%
U	94%	106%	112%	102%	88%	74%
R	88%	100%	102%	90%	72%	60%
O	70%	80%	77%	60%		
P	44%	50%				

Töluverð breyting er milli ára í því að U og E flokkar hækka hlutfallslega m.v. R2.

Til að greina mun á verðmæti flokka voru nokkrir skrokkar úr R, U og E flokkum skornir og mældir í haust. Teknir voru skrokkar sem voru sem næst meðalþyngd viðkomandi flokks. Niðurstaðan var:

	Þyngd	Verð	Verðmæti pr.stk	Nov-22	
				Min	Max
				1202	-1.6%
R2, 5 skr	74.56	1,222	91,120	1267	3.7%
Meðalþyngd	14.91				
	Hlutfall þyngdar	Þyngd pr. vörulið	Hráverð	Verðmæti pr. vörulið	Hlutfall verðmæta
Afurð					
Úrb háls	3.48%	2.60	1,060	2,756	3.02%
Hálsbein	2.26%	1.69	74	126	0.14%
Hringst bógur án/skanka	13.81%	10.31	915	9,438	10.36%
Framskanki	3.11%	2.32	1,115	2,587	2.84%
Framhr.vöðvi (Rib eye)	3.44%	2.57	3,010	7,736	8.49%
Úrb slög	15.69%	11.71	680	7,964	8.74%
Rifbein	5.90%	4.40	74	327	0.36%
Lundir, óhreinsaðar	2.33%	1.74	3,234	5,627	6.18%
Hryggvöðvi m/fitu	6.45%	4.81	4,365	20,996	23.04%
Mjadmavöðvi (sirloin)	4.40%	3.28	2,800	9,184	10.08%
Stutt læri	24.11%	17.99	1,278	22,991	25.23%
Afskurður	2.09%	1.56	652	1,016	1.12%
Fita	1.26%	0.94	124	117	0.13%
Bein BHJ	9.84%	7.34	35	255	0.28%
Bein/rusl/rýrnun	1.84%	1.37	-	0	0.00%
Samtals:	100.00%	74.63		91,120	100.00%

„Min“ og „Max“ sýna frávik slakasta og besta skrokks af þessum 5 skrokkum frá meðaltali 5 skrokka og gefur því vísbendingu um breytileika skrokkanna.

	Þyngd	Verð	Verðmæti pr.stk	okt 22	
				Min	Max
				1206	-3.2%
R3, 5 skr	86.30	1,246	107,505	1295	4.0%
Meðalþyngd	17.26				
	Hlutfall þyngdar	Þyngd pr. vörulið	Hráverð	Verðmæti pr. vörulið	Hlutfall verðmæta
Afurð					
Úrb háls	3.89%	3.36	1,060	3,557	3.31%
Hálsbein	1.96%	1.69	74	126	0.12%
Hringst bógur án/skanka	13.49%	11.64	915	10,659	9.91%
Framskanki	3.04%	2.62	1,115	2,926	2.72%
Framhr.vöðvi (Rib eye)	3.85%	3.32	3,010	10,005	9.31%
Úrb slög	15.79%	13.63	680	9,266	8.62%
Rifbein	6.40%	5.53	74	411	0.38%
Lundir, óhreinsaðar	2.12%	1.83	3,234	5,925	5.51%
Hryggvöðvi m/fitu	6.40%	5.52	4,850	26,772	24.90%
Mjadmavöðvi (sirloin)	4.29%	3.70	2,800	10,371	9.65%
Stutt læri	23.47%	20.26	1,278	25,890	24.08%
Afskurður	2.13%	1.83	652	1,195	1.11%
Fita	1.07%	0.92	124	115	0.11%
Bein BHJ	9.59%	8.27	35	288	0.27%
Bein/rusl/rýrnun	2.51%	2.17	-	0	0.00%
Samtals:	100.00%	86.30		107,505	100.00%

	Þyngd	Verð	Verðmæti pr.stk	okt 21&22	
				Min	Max
				1219	-3.8%
U3, 8 skr	151.38	1,267	191,804	1308	3.3%
Meðalþyngd	18.92				
	Hlutfall þyngdar	Þyngd pr. vörulið	Hráverð	Verðmæti pr. vörulið	Hlutfall verðmæta
Afurð					
Úrb háls	3.51%	5.31	1,060	5,631	2.94%
Hálsbein	2.02%	3.06	74	228	0.12%
Hringst bógur án/skanka	13.89%	21.02	915	19,245	10.03%
Framskanki	2.98%	4.51	1,115	5,029	2.62%
Framhr.vöðvi (Rib eye)	3.79%	5.74	3,010	17,271	9.00%
Úrb slög	15.19%	23.00	680	15,642	8.16%
Rifbein	5.99%	9.07	74	675	0.35%
Lundir, óhreinsaðar	1.91%	2.88	3,234	9,327	4.86%
Hryggvöðvi m/fitu	6.86%	10.38	4,850	50,362	26.26%
Mjadmavöðvi (sirloin)	4.59%	6.94	2,800	19,443	10.14%
Stutt læri	23.45%	35.50	1,278	45,364	23.65%
Afskurður	2.87%	4.35	652	2,831	1.48%
Fita	1.35%	2.04	124	253	0.13%
Bein BHJ	9.55%	14.46	35	503	0.26%
Bein/rusl/rýrnun	2.06%	3.11	-	0	0.00%
Samtals:	100.00%	151.38		191,804	100.00%



		Þyngd	Verð	Verðmæti pr.stk	Min	
	okt 22				1240	-3.5%
	E3, 5 skr	98.76	1,284	126,823	Max	
	Meðalþyngd	19.75			1318	2.7%
Afurð	Hlutfall þyngdar	Þyngd pr. vörulið	Hráverð	Verðmæti pr. vörulið	Hlutfall verðmæta	
Úrb háls	4.15%	4.10	1,060	4,346	3.43%	
Hálsbein	2.11%	2.08	74	155	0.12%	
Hringssk bógur án/skanka	13.10%	12.94	915	11,845	9.34%	
Framskanki	2.73%	2.70	1,115	3,011	2.37%	
Framhr.vöðvi (Rib eye)	4.05%	4.00	3,010	12,040	9.49%	
Úrb slög	15.59%	15.40	680	10,474	8.26%	
Rífbein	5.81%	5.74	74	427	0.34%	
Lundir, óhreinsaðar	2.39%	2.36	3,234	7,632	6.02%	
Hryggvöðvi m/fitu	6.93%	6.84	4,850	33,174	26.16%	
Mjómavöðvi (sirloin)	4.35%	4.30	2,800	12,040	9.49%	
Stutt læri	23.43%	23.14	1,278	29,573	23.32%	
Afskurður	2.49%	2.46	652	1,603	1.26%	
Fita	1.34%	1.32	124	164	0.13%	
Bein BHJ	9.88%	9.76	35	340	0.27%	
Bein/rusl/rymun	1.64%	1.62	-	0	0.00%	
Samtals:	100.00%	98.76		126,823	100.00%	

Samandregin niðurstaðar er:

Flokkur	Verðmæti	Mismunur mv R2	Hlf af bændav R2	Bændav	Hlf verðs kr
R2, 5 skr	1,222			676	0.0%
R3, 5 skr	1,246	24	3%	690	2.0%
U3, 8 skr	1,267	45	7%	757	12.0%
E3, 5 skr	1,284	62	9%	818	21.0%

Sjá má að verðmunur í verðskrá fyrir U og E er umtalsvert meiri en verðmæti skrokkanna. Þá má spyrja sig hvort önnur atriði svo sem fallþyngd, hvati til kynbóta ofl. mæli með þessum umfram verðmun.

Sláturkostnaður og áhrif fallþunga

Við mat á réttu verðmæti matsflokka þá kemur kostnaðarhliðin til álita eins og tekjuhliðin. Kostnaður við slátrun, frystingu, flutninga, birgðahald, fjármagnskostnað birgða, sölu ofl. er mjög hár og fer síst lækkandi með lakari nýtingu sauðfjársláturhúsa.

Kostnaðurinn skiptist í fastan og breytilegan kostnað. Fastur kostnaður breytist ekki með sláurmagni en breytilegur kostnaður gerir það.

Heildarkostnaður við slátrun, frystingu, birgðahald, frystigeyslur, flutninga, sölu

og sameiginlegan kostnað er í tilfalli SS um 420 kr/kg á ársgrundvelli. Sá hluti sem er breytilegur er fyrst og fremst breytilegur m.v. fjölda en ekki fallþyngd. Ef Selfoss slátrar 100 þús fjár þá er lítill munur á kostnaði eftir því hvort meðalfallþyngd er 14 kg eða 18 kg. En ef Selfoss slátrar 77 þús fjár þá er hægt að fækka sláturdögum og draga úr kostnaði þó að 18 kg fallþyngd myndi skila jafn mörgum tn og 100 þús stk með 14 kg fallþyngd.

Það sem helst breytist með magni [tn] er fjármagnskostnaður birgða og kostnaður við frystigeyslur. Það kostar mikla fjármuni að staðgreiða innlegg sem tekur síðan 12 mánuði að selja og fá greitt. Meðalinnleggsverð í haust var um 730 kr/kg. Ofan á það má bæta um 280 kr/kg sem er slátur-, frysti- og geymslukostnaður sem fellur til fljótt. Útlagðar eru því um 1.010 kr/kg. Vextir eru háir í dag og kostnaður við að geyma þetta kjöt að meðaltali í 6 mánuði er um 61 kr/kg.

Meðalverð	Vextir/ári	Geymslut	Kostn/ári
1,010	12%	0.5	61

Svo eru aðrir kostnaðarliðir sem breytast með magni svo sem orka við frystingu, magn sem kemst í brettakassa o.s.frv. En af þessum 420 kr/kg heildarkostnaði má meta að um 315 kr/kg sé fastur kostnaður m.v. ákveðinn stykkjafjöldi þ.e. að fyrir utan 61 kr/kg í fjármagnskostnað þá séu aðrir breytilegir liðir eftir magni samtals um 44 kr/kg.

Þá komum við að kjarna málsins sem er munur á meðalþyngd matsflokka og áhrif hennar á sláturkostnað hvers flokks.

Ef heildar fastur kostnaður m.v. sláturfjöldi er 315 kr/kg þá þarf magnið sem fer í gegnum húsið að standa undir þessum kostnaði. Meðalfallþyngd dilka í haust var 16,7 kg og því þarf hvert lamb að standa



undir $16,7 \cdot 315 = 5.261$ kr/stk óháð þyngd. Það gerir að kostnaður pr kg á léttari dilka verður hærri en á þyngri dilka því allir dilkar eiga að skila því sama upp í heildarkostnað. Áhrifin af þessu eru meiri en munur á verðmæti flokkar sbr. eftirfarandi töflu:

Flokkur	Meðalþ flokks	Mismunur mtal innleggs	Sláturk pr meðalþyngd	Frávik v þyngdar fl	Sláturk pr flokk mv R2	Hlutfall af bændav	Bændav	Hlf verðskr
R2, 5 skr	14.9	-1.8	315	38	0	0%	676	0.0%
R3, 5 skr	17.4	0.7	315	-13	-51	8%	690	2.0%
U3, 8 skr	18.8	2.1	315	-35	-73	11%	757	12.0%
E3, 5 skr	20	3.3	315	-52	-90	13%	818	21.0%

Í fréttabréfi hefur áður verið viðruð sú hugmynd að greiða uppbót eftir þyngd dilka en ekki verið framkvæmt. Það má segja að núverandi verðhlutföll geri það, að vísu miðað við meðalfallþyngd flokka en ekki einstaka skrokka.

Samandregin eru fyrir neðan áhrifin af mismun á verðmætum og mismun á sláturkostnaði. Það kemur undirrituðum á óvart að þessi greining sýni að verðhlutföllin standast skoðun og ef eitthvað er þá ætti að hækka R3 hlutfallslega í næstu verðákvörðun.

Flokkur	Verðmæti	Mismunur mv R2	Meðalþ flokks	Frávik v þyngdar fl	Sláturk pr flokk mv R2	Verðmæti & sláturk	Bændav	Hlf verðskr
R2, 5 skr	1,222		14.9	38	0		676	0.0%
R3, 5 skr	1,246	24	17.4	-13	-51	11.0%	690	2.0%
U3, 8 skr	1,267	45	18.8	-35	-73	17.5%	757	12.0%
E3, 5 skr	1,284	62	20	-52	-90	22.5%	818	21.0%

Sláturáætlun næsta hausts

SS hefur leitast til þess að gefa út með löngum fyrirvara sláturáætlun næsta hausts svo bændur getið metið, eftir aðstæðum hvers og eins, hvenær borgar sig að leggja inn. Fyrir þá sem geta þá er verulegur ávinningur í að slátra snemma og njóta yfirborgana sem þá eru.

Sláturáætlun næsta haust liggur fyrir og er eftirfarandi (sést betur ef skjalið er stækkað):

2023	Sláturvikur	5.500	12.000	12.600	12.600	12.600	12.600	12.600	12.600	5.200	Samtals
Vísir	36	37	38	39	40	41	42	43	44		96.300
Daga:	6-8. sept.	11-15. sept.	18-22. sept.	25-29. sept.	2-6. okt.	9-13. okt.	16-20. okt.	22-26. okt.	30-31. okt.		
Verðhlutf. dilka:	115%	110.0%	107.0%	104.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%		
Verðhlutf. fúlkod:	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%		

Sjá einnig á vef félagsins:

<https://www.ss.is/verdhluftoll-og-slaturaaetlun-saudfjar-2023/>

Breyting frá þessu ári er að sláturtíð er stytta um 3 daga með því að sláturin í nóvember er felld út. Það er ekki hægt að ganga að því vísu að alltaf njóti þeirrar veðurbliðu sem verið hefur síðustu ár og betra að hætta sláturin í nóvember en að hefja sláturin síðar í september en verið hefur.

Yfirborgunir breytast þannig að yfirborgun í viku 38 er hækkuð úr 5% í 7% og bætt er 4% yfirborgun á viku 39 þar sem engin var áður. Markmiðið er að ná að jafna betur álag á sláturvikurnar.

Nýtt stórgripasláturhús

Það hefur verið í skoðun í nokkurn tíma að endurbyggja stórgripasláturhúsið á Selfossi og nokkrar tillögur verið settar fram um leiðir í þessu efni.

Nú liggur fyrir ný tillaga sem er betri en þær sem við höfum áður unnið með. Tillagan gengur út að að endurbyggja ekki stórgripasláturhúsið heldur að byggja nýtt hús í portinu milli núverandi stórgripahúss og frystihússins. Með þessu verður margvíslegur ávinningur. Kjallari verður byggður undir húsið sem verður framlenging á núverandi kjallara sem hýsir rými fyrir innmat og gorklefa. Hægt verður að gera einn sameiginlegan gorklefa fyrir sauðfé og stórgripi auk þess sem kjallarinn nýtist með ýmsum öðrum hætti.



Núverandi stórgripahúsi verður breytt í skurðar- og pökkunarsal m.a. fyrir heimtöku og verður þá hægt að bæta þjónustu við bændur með fjölbreyttari skurði og pökkun á heimteknu kjöti.

Auk þess verður hægt að bjóða þeim sem kaupa stórgripi af félaginu að fá þá meira hlutaða og úrbeinaða. Rýmið sem nú hýsir heimtöku verður breytt í frystiklefa sem sparar leigugeymslur og flutninga.

Auk þess verður í stórgripahúsinu hugsað fyrir lítilli sauðfjárlínu til að geta boðið ferskt dilkakjöt vikulega frá byrjun ágúst og fram í desember.

Hönnun og kostnaðaráætlun verður unnin næstu mánuði en varla raunhæft að framkvæmdir hefjist fyrr en undir lok 2023 eða fyrri hluta 2024.

Áburðarmál

Enn ríkir óvissa um verðþróun og framboð á áburði fyrir komandi vertíð. Yara hefur tryggt SS það magn sem félagið þarf svo ekki á að þurfa að óttast skort.

Vegna óvenjumildrar veðráttu í Evrópu þá hefur gasverð lækkað undanfarið en er þrátt fyrir það enn hátt í sögulegu samhengi og reiknað með hækkun er vetrar að alvöru. Lækkun á gasi hefur leitt til lækkunar á verði nokkurra áburðartegunda en reiknað er með hækkun aftur.

Um þetta allt er mikil óvissa svo og um framhald stríðs í Úkraínu.

Einnig liggur fyrir að íslenska krónan hefur veikst undanfarið og hver evra kostar 7% meira en í vor sem leiðir til hækkunar.

Á heildina litið má reikna með einhverri hækkun á áburðarverði í næstu vertíð en ekki hægt að fullyrða meira á þessari stundu.

SS nýtur þess, einn áburðarsala, að vera með stórar áburðarskemmur sem rúma um 9 þús tn af áburði og hjálpar félaginu að kaupa áburð á lægra verði er hann býðst og draga þannig úr þörf á hækkunum.



Yara stendur fyrir hágæða einkornaáburð

Vöruþróun & nýjungar

Vöruþróunarhópur SS vinnur ötullega að þróun nýrra vara til að mæta óskum neytenda. Þrjár nýjar vörur hafa komið á markað nýlega.

Nautapynnur þarf aðeins að elda örsnöggt á pönnu og henta í salöt, í núðlurétti og í steikarsamlokur.



Nautapynnur í 400 gr pakkingu

Forsteiktur raspáðar kótilettur eru sannkallaður mömmumatur sem félagið býður nú sem frystivöru í plastpoka með rennilás sem tryggir að varan þornar ekki í frysti. Tekur einungis 15-20 mín að hita í ofni eða svipaðan tíma og tekur að hafa til meðlæti. Því er hægt að njóta úrvalsmáltíðar hvenær sem er.



Lambakótilettur í raspi, u.þ.b. 800 gr í poka

Óreykt beikon með ítölskum keim er kallað Pancetta. Það er bragðmilt og ljúffengt fyrir þá sem vilja öðruvísi beikon.



Óreykt beikon með ítölskum blæ - Pancetta



Starfsfólkið á bak við SS

Sigríður Erla Bjarnadóttir hóf störf í sauðfjársláturtíð árið 1971 á Skúlagötu 20. Hún vann aftur í sláturtíð 1972 og kom svo til fullra starfa í niðursuðu og úrbeiningu árið 1974.

Erla tók síðan við umsjón framleiðslu á þeirri ástsælu vöru sem SS sinnep er. Þegar sú framleiðsla flutti til Hvolsvallar fór Erla til starfa í vörudreifingunni á Fosshálsi. Er vörudreifingin var einnig flutt til Hvolsvallar tók Erla við starfi innan söludeildar og hefur starfað þar síðan með umsjón með afgreiðslu og lager. Eitt af verkefnum hennar í sláturtíð er að afgreiða heimtekið kjöt bænda á Fosshálsi.

Nú undir lok starfsferils óskaði Erla eftir að fara í hlutastarf enda skemmtilegra, eins og hún segir, að vinna með góðu fólki en að sitja heima. SS hefur þá stefnu að bjóða upp á skert starfshlutfall, ef þess er kostur, og hefur Erla verið í 80% starfi undanfarin tvö ár.

Erla hefur fengið gullmerki SS fyrir 25 ára starf og viðurkenningar fyrir 30, 40 og 45 ára starf fyrir SS.

Utan vinnu þá er ferðalög helstu áhugamálin.

Erla er einn af um 350 starfsmönnum sem SS byggir á.



Sigríður Erla

Með kveðju,

Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason